



Reykjavík 8. maí 2017

Ályktun Sjúkraliðafélags Íslands

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands lýsir yfir fullkominni andstöðu við áform mennta- og menningarmálaráðherra um að einkavæða Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Sameining skólans við Tækniskólann sem nú er í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík verður nemendum og starfsfólki ekki til framdráttar.

FÁ er m.a. móðurskóli heilbrigðisgreina (Heilbrigðisskólinn) sem hefur sinnt menntun sjúkraliða af alúð alla tíð. Samtök- útgerðamanna, atvinnulífs eða orkufyrirtækja hafa enga beina þörf fyrir menntun heilbrigðisstétta og er því vandséð að áherslur og áhugi verði á slíka menntun .

Félagið krefst þess að Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra sjái sóma sinn í að láta af fyrirhugaðri einkavæðingu skólans.

Fyrir hönd stjórnar

Kristín Á. Guðmundsd.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður